

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 4. apríl 2023
UST202304-006/B.S.
10.04.02

Efni: Beiðni um umsögn - breyting á aðalskipulagi, ofanflóðavarnir á Flateyri. Umsögn

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 3. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi og í ljósi aðstæðna er óskað eftir að Umhverfisstofnun afgreiði þetta erindi eins fljótt og kostur er.

Í snjóflóðum sem félru í janúar 2020 kom í ljós að núverandi mannvirki veita byggðinni ekki þá vernd sem nauðsynlegt til að tryggja öryggi íbúa á Flateyri.

Fyrirhugað er að ráðast í ýmsar endurbætur á og við núverandi varnargarð sem og mannvirki við höfnina sem skemmdust í einnig í snjóflóðinu 2020. Áætluð efnispörf er um 300.000 m³.

Fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum hefur að mestu verið raskað við byggingu núverandi varnarmannvirkja. Efni verður sótt úr Klofningsnámu sem verður stækkuð og einnig tekið efni úr gamalli námu ofan Kálfeyrar.

Lúpína og kerfill hylja núverandi mannvirki og er ekki ástæða til að ætla annað en að þessar plöntur muni sá sér í ný mannvirki. Fram kemur í greinargerð að umframefni verði flutt í Klofningsnámu til frágangs. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi mikla áherslu á frágang námannna því vonandi verður ekki þörf fyrir efni í framkvæmdir sem þessar í framtíðinni.

Hér er um að ræða viðbót við núverandi mannvirki og eru ríkir almannahagsmunir að ráðist verði í þessar framkvæmdir sem fyrst.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir,
sérfræðingur